

Njörður P. Njarðvík verðlaunahafi á degi íslenskrar tungu



Frá verðlaunaafhendingunni. F.v.: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Njörður P. Njarðvík verðlaunahafi og Einar Sveinsson, stjórnarformaður Glitnis.

Síðastliðin ár hefur skapast sú hefð að menntamálaráðherra heimsæki skóla og menningarstofnanir í einu ákveðnu sveitarfélagi á degi íslenskrar tungu. Hátíðardagskrá og afhending [Verðlauna Jónasar Hallgrímssonar](#) auk tveggja sérstakra viðurkenninga fyrir störf í þágu íslensks máls er einnig haldin í því sveitarfélagi. Síðustu tvö ár hefur ráðherra heimsótt Ísafjörð og Reykjanesbæ og nú í ár var komið að Kópavogi.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra heimsótti m.a. leikskólann [Alfaheiði](#) og [Lindaskóla](#) auk heimsókna í Salinn og Gerðarsafn.

Hátíðardagskrá var haldin í [Hjallaskóla](#) í Kópavogi. Þar tilkynnti ráðherra að Njörður P. Njarðvík prófessor hlyti að þessu sinni verðlaun Jónasar Hallgrímssonar. Í ávarpi ráðherra kom m.a. fram að í störfum sínum og skrifum hefði Njörður sýnt að íslenskt mál væri honum hugleikið og honum annst um vöndun þess. Hann hefði talað fyrir málstað tungunnar með einlægum og skýrum hætti og beitt sér fyrir sérstökum aðgerðum henni til eflingar og til að halda á lofti minningu Jónasar Hallgrímssonar.

Auk þess hlutu sérstaka viðurkenningu orðanefnd [Skýrslutæknifélags Íslands](#) og leikhópurinn Hugleikur.



Frá undirritun samkomulagsins.

Samkomulag um eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra undirrituðu þann 14. nóvember sl. ásamt fulltrúum samtaka kvikmyndagerðarmanna [samkomulag](#) til næstu fjögurra ára um eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar.

Í samkomulaginu segir að stefnt skuli að því að árlega verði gerðar eigi færri en 4 leiknar íslenskar kvikmyndir í fullri lengd og að stefnt skuli að því að hlutfall framleiðslustyrks úr Kvikmyndasjóði af kostnaðaráætlun sé 50% en það er nú 40%.

Stefnt er að því að leggja áherslu á barna- og fjölskyldumyndir í fullri lengd með væntingar um að myndir í þeim flokki verði framleiddar annað hvert ár að minnsta kosti.

Samningsaðilar eru sammála um að miða við að meðalframleiðslukostnaður kvikmynda verði í lok samningstímans 210 milljónir króna. Heildarframlag til framleiðslustyrkja kvikmynda verði því 420 milljónir króna árið 2010.

Samkomulagið gerir jafnframt ráð fyrir áframhaldandi stuðningi við gerð heimildarmynda og stuttmynda og að í lok samningstímans verði 125 milljónum króna varið árlega til framleiðslustyrkja vegna slíkra verkefna. Í samkomulaginu er lögð áhersla á öflugan Sjónvarpssjóð sem ætlað er að efla framleiðslu á íslenskum þáttaröðum fyrir sjónvarp og er gert ráð fyrir að í lok samningstímans verði 125 milljónum króna varið árlega til slíkra verkefna.

Við úthlutun úr Sjónvarpssjóði er stefnt að því að leggja áherslu á barna- og fjölskylduefni. Samkomulagið felur í sér að stuðningur við kvikmyndagerð á Íslandi eykst úr 372 milljónum á yfirstandandi ári í 700 milljónir árið 2010.

Íslenskukennsla fyrir útlendinga

Ríkisstjórnin ákvað á fundi 10. nóvember sl. að fela menntamálaráðuneyti framkvæmd sérstaks [verkefnis vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga](#) og að framlög til þess verði 100 m.kr. árið 2007. Vegna þessa hefur verkefnisstjórn verið skipuð er í sitja fulltrúar menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra. Í verkefnisstjórninni sitja frá menntamálaráðuneyti Stefán Stefánsson, Kristín Jónsdóttir og Védís Grönvold og Björg Kjartansdóttir frá félagsmálaráðuneyti. Á næstu þremur árum verður lögð áhersla á 200 tíma nám sem mætir þörfum byrjenda í íslensku, óháð bakgrunni þeirra. Í framhaldi af því verður stefnt að því að byggja ofan á þetta námsframboð svo öllum þeim sem hér setjast að verði gert kleift að öðlast nokkra færni í íslensku. Menntamálaráðuneyti hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á þeirri íslenskukennslu fyrir útlendinga sem greidd verður úr ríkissjóði.

Meðal annarra verkefna sem jafnframt þarf að vinna er samning námskrár í íslensku fyrir útlendinga þar sem miðað er við að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í íslensku; veiting styrkja til að semja og gefa út námsefni í íslensku fyrir útlendinga og skilgreiningu á lágmarkskröfum sem gera þarf til kennara á þessu sviði. Gert verði sérstakt tímabundið átak með námskeiðahaldi fyrir kennara en jafnframt verður starfandi kennurum með haldgóða reynslu á þessu sviði gefinn kostur á raunfærnimati til viðurkenningar.

Framlög ársins 2007 vegna þessa verkefnis hafa verið ákveðin 100 m.kr. en jafnframt hefur menntamálaráðuneyti gert eftirfarandi áætlun um kostnað næstu ára sem vitanlega er háð

því að mikil óvissa er um hversu margir útlendingar munu sækjast eftir því að læra íslensku.

| | 2007 | 2008 | 2009 |
|--|------|---------|---------|
| a. skipulag, umsýsla og eftirlit | 8 | 10 | 10 |
| b. námskrár í íslensku, | 5 | 3 | - |
| c. námsefni; styrkir, útboð | 8 | 12 | 4 |
| d. menntun og þjálfun kennara; samningur | 8 | 8 | 4 |
| e. framkvæmd og tilhögun kennslu; | 70 | 135-270 | 135-270 |
| f. þjónustusamningur um umsýslu | 4 | 4 | 4 |
| g. próf, samning og fyrirlagning (dómsm.rn.) | - | 2 | 4 |
| Samtals: | 100 | 172-305 | 162-297 |

Haustfundur samstarfsnefndar framhaldsskóla

Fundur í samstarfsnefnd framhaldsskóla var haldinn á Hótel Örk í Hveragerði dagana 9. og 10. nóvember sl. Meginefni fundarinnar að þessu sinni var umræða um breytta [skipan náms til stúdentsprófs](#), kynning á [Fræðslumiðstöð atvinnulífsins](#) auk erinda og umræða um símenntun og starfsemi sérdeilda fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, greindi skólameisturum frá helstu málum sem unnið er að í ráðuneytinu og varða framhaldsskólana. Einnig tók hún þátt í almennum umræðum og svaraði fyrirspurnum skólameistarara.

Samstarfsnefnd er skipuð skólameisturum allra framhaldsskóla undir forsæti menntamálaráðherra. Að auki sækja fundinn þeir sérfræðingar ráðuneytisins sem fjalla sértaklega um mál framhaldsskólanna. Tveir fundar eru haldnir í nefndinni á ári, vor og haust.

